

Samkvæmt framangreindu breytast fjárhæðir í umræddu ákvæði til bráðabirgða IV sem hér segir:

Í stað 2.400.000 kr. og 4.800.000 kr. komi: 2.494.080 kr. og 4.988.160 kr.

E. Fyrirframgreiðslu vegna sérstaks tekjuskatts, sem lagður verður á árið 1996, ber að inna af hendi í mánuðunum ágúst - desember 1995.

Með vísan til 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV, með lögum nr. 147/1994 (18. gr. laganna) hækka grunnfjárhæðir, sbr. 1. mgr. ákvæðisins til útreiknings á fyrirframgreiðslu samkvæmt skattvísitölu.

Fjárhæðirnar breytast sem hér segir:

Í stað 2.700.000 kr. og 5.400.000 kr. komi: 2.805.840 kr. og 5.611.680 kr.

Tekið skal fram að fjárhæðir sem varða afslætti við staðgreiðslu ársins 1995 og útborgun bóta á því ári, þ.e.a.s. persónuafsláttur, sjómannaafsláttur, barnabætur og vaxtabætur, sbr. hér að framan, taka breytingum 1. júlí 1995 í samræmi við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. desember 1994 (3384 stig) til og með 1. júní 1995.

*Reykjavík, 11. janúar 1995.*

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.

## SAMÞYKKT

### um hundahald á Blönduósi.

#### 1. gr.

Hundahald sætir þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum á Blönduósi, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki beggja aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem séringangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðareigenda.
- Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan 2ja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

- d. Skyld er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðatryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október - nóvember ár hvert. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Einnig skal við ólina festa merki, sem sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundur hreinsaður. Hunda eiganda ber að tilkynna bæjarskrifstofu Blönduóss um aðseturskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.
- g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utanhúss, sbr. þó i-lið 2. gr. Leyfishafa er skyld að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir, snyrtistofur eða nokkurn þann stað þar sem matvæli eru höfð um hönd. Óheimilt er að vera með hundana í almenningsgörðum bæjarins, svo sem í Hrótey, Fagrahvammi, íþróttasvæðum, kirkjugarðinum og á tjaldstæðum.
- i. Heimilt er að sleppa hundum lausum um eftirtalin svæði:
1. Skúlahorn.
  2. Svæði milli Draugagils og Þjóðvegur.
  3. Auð og ónýtt svæði fjarri íbúðabyggð.
- j. Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis bæjarstjóra eða fulltrúa hans, dvelja lengur en eina viku á Blönduósi.

## 3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu Blönduóssbæjar, sem gefur út umbeðið leyfi, enda sé ákvæðum samþykktar þessarar fullnægt.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók á skrifstofunni. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda lögreglustjóranum á Blönduósi skrá um leyfða hunda.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. f. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald á Blönduósi.

Eigi er skyld að sækja um leyfi fyrr en þeir hafa náð 3ja mánaða aldri.

## 4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

## 5. gr.

Bæjarskrifstofa eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Blönduósi á samvinnu við heilbrigðisnefnd og geta leitað aðstoðar lögregluþyrvalda, þegar þörf krefur.

## 6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa til geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7. daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Sama gildir um aðra hunda sem handsamaðir eru innan bæjarmarkanna og eru frá öðrum sveitarfélögum, allur kostnaður við töku og vörslu hundsins fellur á eiganda hans. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi.

Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

## 8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma samþykkt nr. 249/1974 um hundahald á Blönduósi.

*Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1995.**

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal árið 1995 vera kr. 6.250. Gjaldþagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.